



Héraðsnefnd Þingeyinga bs.

Haustfundur fulltrúarráðs Héraðsnefndar Þingeyinga bs. fer fram í Heiðarbæ í Reykjahverfi föstudaginn 18. nóvember nk. kl. 14:00.

Fundurinn er öllum opin til áheyrnar meðan húsrúm leyfir.

F.h. Héraðsnefndar Þingeyinga bs.

Reinhard Reynisson

Skeglan

Skeglan kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið skeglan@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 23. nóvember 2016.

Gjaldskrá: Hálsíða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.

Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni

45. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 16. nóvember 2016

Ágætu Þingeyingar!

Vatnajökulspjódgarður vinnur nú að gerð fræðsluáætlunar til að efla og þróa þá fræðslu sem gestum þjóðgarðsins býðst. Mikilvægt er að rödd hagsmuna- og samstarfsaðila á hverju svæði þjóðgarðsins fái að heyrast í þeirri vinnu. Í byrjun október var fundur haldinn í Reykjavík með fulltrúum ýmissa stofnana og samtaka, en nú er komið að því að leita til þeirra sem búa og/eða starfa næst þjóðgarðinum. Því boðum við til tveggja funda á norðursvæði Vatnajökulspjódgarðs:

fimmtudaginn 17. nóvember, kl. 15:30 í Gljúfrastofu, Ásbyrgi
(*ef verður leyfir, annars frestað um viku.*)

þriðjudaginn 22. nóvember, kl. 15:30 á Sel Hótel, Mývatnssveit

Á fundunum langar okkur að ræða markmið þjóðgarðsins í fræðslustarfi, velta fyrir okkur helstu viðfangsefnum fræðslunnar, greina möguleika á samstarfi og draga fram sérstöðu hvers svæðis, ekki síst Jökulsárgljúfra og Ódáðahrauns. Báðir fundirnir eru opnir öllum áhugasömum.

Fundirnir standa í um 2½ klst. hvor. Kaffiveitingar verða á boðstólum.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku á netfangið gudmundur@vjp.is eða í síma 842 4360, í síðasta lagi þremur tímum áður en fundur hefst. Eins viljum við hvetja ykkur til að hafa samband ef einhverjar spurningar vakna.

Fyrir hönd starfshóps um gerð fræðsluáætlunar Vatnajökulspjódgarðs,

Guðmundur Ögmundsson (842 4360)

Hrönn G. Guðmundsdóttir (842 4363)





Halló! Allir fullorðnir!

Íþróttanefnd fullorðinna félagsmanna (ÍFF) innan HSP hvetur eldri félagi og aðra fullorðna á öllum aldri, sem búa á héraðssvæði HSP, til að stunda reglulega hreyfingu.

Þekkt staðreynd er að regluleg hreyfing og iðkun íþrótta hefur mjög góð áhrif á líkamlega og andlega heilsu fólks. ÍFF hefur tekið saman lista yfir þá hreyfinguleika sem eru í boði í þinni heimabyggð og hægt að finna sér hreyfingu við hæfi og áhuga.

Fyrir áhugasama um þátttöku á Landsmóti UMFÍ 50+ þá verður það haldið snemma sumars í Hveragerði 2017. Meira um það síðar.

Hreyfing er gulls ígildi - aldrei of seint að byrja!

KÓPASKER / Lundur:

Íþróttahúsið á Kopaskeri: Upplýsingar um opnunartíma í síma 465-2180

Opið hús; 67 ára og eldri: Í íþróttahúsinu á föstud. milli 10:00 – 12:00 og er m.a. farið í leikfimi undir leiðsögn sjúkrahjálfa. Einnig er slík leikfimi í boði á miðv.d. í Stórumörk. Áhugasamir hafi samband við Hólmfríði Halldórsdóttur í s: 465-2157 eða 864-2157.

Blakæfingar: Í íþróttahúsinu 2x í viku í umsjón Björns Halldórssonar, s: 465-2217, 863-2217

Gönguferðir: Ferðafélagið Norðurslóð er mjög lifandi félagsskapur og býður upp á ýmsar gönguferðir – sjá nánar á fésbókarsíðu þeirra; „Ferðafélagið Norðurslóð“

Sundlaug og íþróttahús í Lundi: Nánari upplýsingar í síma 465-2244
Leikfimi í íþróttasalnum: Þrek og þol fyrir fullorðna 2x í viku á þri. og fim. kl. 20:00. Áhugasamir hafi samband við Magneu Dröfn s: 849-4033.

RAUFARHÖFN:

Íþróttamiðstöð: Upplýsingar um onunartíma í síma 465-1144. Hægt að fara í vel útbúinn tækjasal og æfa sund í innisundlaug. Sund er góð alhliða hreyfing fyrir alla!

Hreyfihópur eldri borgara: Góður hópur einstaklinga hafa tekið sig saman og stunda reglulega alls konar hreyfingu, m.a. útigöngu þegar viðrar vel - annars innigöngu og æfingar inni í íþr.húsi með hjálp sjúkrahjálfa. Alla virka daga kl. 12:45 – 13:30. Allir fullorðnir velkomnir!

ÞÓRSHÖFN:

Íþróttamiðstöð s: 468 1515, 897-0260

Í íþróttamiðstöð er líkamsrækt og sundlaug. Sund er góð alhliða hreyfing fyrir alla!

Ræktin er opin virka daga milli kl. 08:00 – 20:00, en sundlaugin er opin kl. 16:00 – 20:00. Á laugardögum eru bæði ræktin og sundlaugin opin kl. 11:00 – 14:00.

Hópur eldri borgara koma saman í sal íþróttahússins á mán-mið-fös kl. 11:00 og stunda **göngu eða aðra léttu hreyfingu**. Fara í sund á eftir. Hópurinn kalla sig „Gengið í skjóli“

Blakæfingar: Í íþr.húsinu á mán. og miðv. kl. 18:30 fyrir konur á öllum aldri. Kalla sig „Álkur“. Þjálfari er Árni Sigurðsson. Áhugasamar hafi samband við Karen Rut í s: 897-5064

Badmintonæfingar: Fyrir karla og konur á mán – mið.v. kl.17:00 -18:00. Allir velkomnir!

Körfubolti: „Bumbubolti“ © á miðvikud. kl 20:00 – sem sagt fullorðnir koma saman til að spila körfubolta. Ýmsir hafa verið að mæta frá Þórshöfn, Kópaskeri og Vopnafirði. Allir velkomnir til að mæta! Bendum á fésbókarsíðuna; „Körfubolti Þórshöfn“.